

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 2008 — 987. mál.
3. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn,
nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins).

Frá Oddnýju G. Harðardóttur, Halldóru Mogensen
og Guðmundi Inga Kristinssyni.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heilbrigðisstarfsmaður sem ráðinn er samkvæmt ákvæði þessu skal eiga sama rétt á mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð og kveðið er á um í þeim kjarasamningi sem hann starfar eftir. Hafi launamaður gert samning um viðbótartryggingavernd, sbr. 8.–10. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, skal honum heimilt að ráðstafa iðgjaldi samkvæmt ákvæði þessu til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.